

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir sjóðinn Hjálp, styrktarsjóð hjónanna Finns Kristjánssonar og Hjördísar T. Kvaran, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 14. janúar 1982.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjóðinn Hjálp, styrktarsjóður hjónanna Finns Kristjánssonar og Hjördísar T. Kvaran.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Hjálp, styrktarsjóður Finns Kristjánssonar og Hjördísar T. Kvaran.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru Finnur Kristjánsson, fyrrverandi kaupfélagsstjóri á Húsavík og Hjördís T. Kvaran. Hann er m. a. stofnaður af gjöf frá Saumastofunni Prýði til stofnenda. Heimili og varnarþing sjóðsins er á Húsavík.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 30 000,00. Tekjur sjóðsins skulu vera gjafir, áheit, sala minningarkorta o. s. frv. Söfnunarár sjóðsins verði árið 1982 og skal hann taka til starfa 1. janúar 1983.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja líkamlega eða andlega fatlað fólk í Suður-Þingeyjarsýslu og þá sem orðið hafa að flytjast þaðan vegna fötlunarinnar. Skal þetta gert á hvern þann hátt, er sjóðsstjórnin telur heppilegast hverju sinni.

5. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun í vörslu þriggja manna sjóðsstjórnar. Skal hún skipuð öðrum stofnanda sjóðsins meðan hans nýtur við, en síðar stjórnarformanni Kaupfélags Þingeyinga, héraðslækninum í Suður-Þingeyjarsýslu og prófastinum í Þingeyjarprófastdæmi.

6. gr.

Sjóðstjórn skal ávaxta höfuðstól sjóðsins í vísitölutryggðum ríkisskuldabréfum eða á annan tryggilegan hátt.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal árlega birta ársreikninginn endurskoðaðan af löggiltum endurskoðanda.

7. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Aldrei skal leggja minna við höfuðstól sjóðsins en $\frac{1}{8}$ hluta af tekjum hans af vöxtum og verðbótum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari, ef hún er einhuga um breytinguna.

9. gr.

Verði ákveðið að hætta starfsemi sjóðsins skulu allar eignir hans renna til Sjálfsbjargar, félags lamaðra og fatlaðra í Suður-Þingeyjarsýslu.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.